Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

DESEMBER 2016

12. tbl. 19. árg.

Vesturbæjarútibú við Hagatorg

Myndlistarvörur
Allt sem þú þarft í Borgartúni 22

Slippfélagið
Málningarverksmiðja
Borgartúni 22
Opið: 8-18 virka daga
10-14 laugardaga

Börnin að leggja lokahönd á undirbúning jólamarkaðarins.

Börnin í frístundaheimilum Tjarnarinnar

- hjálpuðu börnum til betra lífs með stórum jólamarkaði

Börnin í frístundaheimilunum sjö sem Tjörnin rekur nýttu nóvember mánuð vel í að búa til ýmiss konar varning sem þau seldu vinum og vandamönnum til styrktar góðu málefni, en einnig sáu starfsmenn um að reka kaffihús þar sem fjölskyldur gátu keypt ljúffengar og jólalegar veitingar.

Það má segja að frístundamiðstöðin Tjörnin hafi verið vinsælasti áfangastaður fjölskyldna í Vesturbæ, Miðbæ og Hlíðum fimmtudaginn 1. desember þegar jólamarkaður fjölskyldunnar var haldinn. Hinn sanni andi jólanna sveif yfir vötnum þegar múgur og margmenni streymdu þangað til að leggja sitt af mörkum og á tímabili voru langar raðir við söluborðin, enda varningurinn eigulegur og flottur og málefnið gott. Það eru ekki ofsögum sagt að segja að varningurinn hafi runnið út eins og heitar lummur en bregða varð á það ráð undir lokin að selja aðkeypta jólaskrautið sem starfsmenn höfðu skreytt húsið með svo að enginn þyrfti að fara tómhentur heim. Alls söfnuðust um 375.000 kr. á jólamarkaðinum og rennur allur ágóði af sölunni óskiptur til Unicef. Á næstu dögum munu börnin sjálf fá að ráðstafa hverri krónu í sannar gjafir Unicef og leggja þannig sitt af mörkum við að bæta lífskjör barna sem búa ekki við jafn góðar aðstæður og þau sjálf, en hvert frístundaheimili færi tæpar 54.000 kr. til ráðstöfunar. Með jólamarkaðnum leggja sex til níu ára gömul börn á sig heilmikla og óeigingjarna vinnu við að bæta líf annarra og eiga þau eiga hrós skilið fyrir sitt framlag, kraft og óeigingirni.

PANTAÐU Á DOMINOS.IS
DOMINO'S APP
SÍMI 58 12345

grænn heilsa
heilsuverslun
lifestream
hrein lífræn næring
Ægisíða 121 /grænheilsa

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Hólsfjallahangikjötið

Melabúðin
Þín verslun
Hagamel 39 - Sími 551-0224

Helgartilboð:
Úrbeinaðir Fjallalambs hangikjötsframpartar
Úrbeinuð Fjallalambs hangikjötslæri
20% afsláttur

Gildir frá fimmtudegi til mánudags meðan birgðir endast.

Hreindýrakjöt, elgskjöt, dádýrakjöt, villigæsir, lynghænur, Labeyrie andabringur, confit, rjúpur, kalkúnar, villiendur, krónhjartarkjöt, hamborgarhryggir, svínakjöt, Hólsfjallahangikjöt, KEA hangikjöt, SS-hangikjöt, nautakjöt, nautatungur, fasanar, aliendur, aligæsir, kengúrukjöt, lambakjöt, paté ofl.

prentun.is - DES 2016

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Morgunblaðið
12. tbl. 19. árgangur
Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

KR og Vesturbærinn

Knattspyrnufélag Reykjavíkur KR er 100 ár gamalt félag sem alla tíð hefur starfað í Vesturbænum í Reykjavík. Í hugum margra Vesturbæinga fyrr og síðar og raunar margra annarra er saga þessa félags svo samofin byggðinni í að eigi verður sundur skilin. Margir þeirra sem alist hafa upp á þessum slóðum í áratugi tengja uppeldi sitt við KR með einhverjum hætti.

Þótt saga KR nái allt aftur á þriðja tug liðinnar aldar og það verið mjög virkt í gegnum tíðina hefur aðstaða þess ekki verið góð að sama skapi. Hver völlurinn af öðrum í Vesturbænum hefur horfið undir byggingar án þess að annað hafi komið í staðinn. Nú er svo komið að athafnasvæði félagsins í Kaplaskjóli nægir engan veginn starfsemi þess og KR hefur heldur ekki yfir að ráða yfirbyggðri íþróttaaðstöðu að neinu ráði.

Áundanförnum árum hefur verið skrafað og skeggrætt um aðstöðu KR en lítið verið aðhafst. Nú sjá menn að tæpast verður lengra haldið áfram þessari aldargömlu sögu án þess að úr verði bætt. Vinna sem hafin var á liðum áratug stöðvaðist eins og svo margt annað í hruninu 2008 en hefur nú aftur farið af stað.

Í viðtali við Pétur Marteinsson hér í blaðinu koma málefni KR við sögu en hann hefur unnið ásamt fleirum að hugmyndum um að endurbyggja aðstöðu KR. Hann segir KR-verkefnið hafa undið upp á sig og orðið meira „Vesturbæjarverkefni“ frekar en vera sérstaklega bundið við KR því ljóst hafi verið hvernig uppbygging KR geti einnig tekið mið af þörfum Vesturbæjarins. Pétur segir að KR sé fyrst og síðast hverfisfélag sem sé mjög annt um að koma til móts við íbúana eins og það geti.

Þarna er komið að kjarna málsins. KR er hluti af Vesturbænum og Vesturbærinn er hluti af KR. Því fer vel að skoða framtíð félagsins og framtíð bæjarhlutans sem eina heild. Það sem gert er fyrir KR er líka til úrbóta fyrir Vesturbæinn. Ýmsar hugmyndir eru komnar fram. Þær eru enn á hugmyndastígi og bíða frekari úrvinnslu. Fyrstu hugmyndir voru kynntar á Vesturbæjarfundi borgarstjóra á dögunum.

Því verður vart trúað en Vesturbæingar telji framtíð sinni betur borgið með andstöðu við þær hugmyndir er endanlega verða lagðar fram. Framtíð KR er að veði og framtíð félagsins og Vesturbæjarins liggja saman rétt eins og 100 ára fortíð félagsins og bæjarhlutans hafa gert.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS
ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR
Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!
www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070

Finndu okkur á Facebook

STUTTAR BORGARFRÉTTIR

Ofbeldislausir og öruggir skemmtistaði

Samtök ferðaþjónustu (SAF) fyrir hönd skemmtistaða í Reykjavík, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) hafa skrifað undir samkomulag um ofbeldislausa og örugga skemmtistaði í Reykjavík. Undirritunin fór fram á veitingastaðnum Hressó mánudaginn 12. desember.

Yfir 79% hlynnt sumargötum

Sjö af hverjum 10 borgarbúum eru jákvæðir gagnvart göngugötum/sumargötum í miðborg Reykjavíkur, 16% eru neikvæðir og 14% hvorki jákvæðir né neikvæðir. Árið 2015 voru 73% borgarbúa jákvæðir og árið 2014 voru það 75%.

Málþing um alþjóðlega vernd

Velferðarsvið stóð fyrir málþingi fyrir starfsmenn borgarinnar um alþjóðlega vernd á Íslandi en undanfarið hefur orðið mikil aukning á að einstaklingar og fjölskyldur komi til Íslands og óska eftir alþjóðlegri vernd. Inga Sveinsdóttir, verkefnastjóri í Þjónustumiðstöð Vesturgarðs, Miðborgar og Hlíða, fjallaði um Þjónustu Reykjavíkurborgar við einstaklinga sem óska eftir alþjóðlegri vernd. Á þjónustumiðstöðinni starfar fimm manna teymi að málefnum hælisleitenda. Unnið er eftir samningi við Útlendingastofnun um ákveðinn fjölda hælisleitenda og ljóst að sú tala fer einungis hækkandi. Flestir hælisleitendur hafa verið karlmenn en fjölskyldum er jafnt og þétt að fjölga.

Helena N. Wolimbwa og Sigurrós Ragnarsdóttir, félagsráðgjafar á Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða fjölluðu um þjónustu borgarinnar þegar hælisleitandi hefur fengið stöðu flóttamanns en það getur verið erfitt að fá sömu réttindi og skyldur og aðrir Íslendingar því staða þeirra í samfélaginu er ekki sterk og því getur reynst erfitt að fóta sig í samfélaginu s.s. að finna atvinnu, húsnæði og læra tungumálið. Flóttafólk þarf meiri stuðning til að fóta sig í samfélaginu.

Samkomulag um borgarlínu

Sveitarfélögin sex á höfuðborgarsvæðinu hafa undirritað samning um innleiðingu Borgarlínu – léttlesta- eða hraðvagnakerfis um höfuðborgarsvæðið.

Borgarlínan hefur verið í undirbúningi um nokkurt skeið. Sveitarfélögin vinna nú með hugmyndir hvar biðstöðvar og leiðir hennar muni liggja en endanlegar tillögur koma frá innlendum og erlendum sérfræðingum í byrjun næsta árs.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir það tímamót að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, öll sem eitt, séu með þessu að setja stefnuna á hágæða almenningssamgöngur, hraðvagna eða léttlestir. Á næstu 25 árum er búist við að íbúum höfuðborgarsvæðisins fjölgi um a.m.k. 70.000. Það jafngildir íbúafjölda í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi í dag og að óbreyttu fjölgar einkabílum á götunum um 40.000 á þessum tíma. Verði ekkert að gert mun tafatími í umferðinni margfaldast.

Sautján vilja verða borgarritarar

Sautján umsóknir bárust um starf borgarritara en umsóknarfrestur rann út 5. desember. Umsækjendur voru: Ásta Valdimarsdóttir, framkvæmdastjóri, Birgir Finnbogason, endurskoðandi, Elínrós Líndal, forstöðumaður, Finnur Þ. Gunnþórsson, aðstoðarforstöðumaður, Gunnhildur Gunnarsdóttir, lögfræðingur, Halla S. Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri, Hallur Magnússon, framkvæmdastjóri, Hrólfur Jónsson, skrifstofustjóri, Ingimar Þór Friðriksson, forstöðumaður, Magnea Hrönn Örvarsdóttir, blaðamaður, Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna, Óskar Dýrmundur Ólafsson, hverfisstjóri, Pétur T. Gunnarsson, rekstrarráðgjafi Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri, Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri, Stefán Eiríksson, sviðsstjóri og Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur.

BIKE CAVE
Einarsnesi 36 • 101 RVK
Opið alla daga 9-23
www.bikecave.is • Erum á Facebook
Sími: 770-3113
Lúxusborgarinn býr í Bike Cave
Stútfullur af fersku grænmeti, steiktum sveppum, beikoni, bernaisesósu hússins og toppaður með gullosti eða piparosti.

Líttu við sem fyrst - alltaf lifandi tónlist öll kvöld og næg bílastæði hinum megin við götuna.

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar
3ja ára ábyrgð
Vandaðir krossar á leiði!

JS LJÓSASMIÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Vesturbæingar

Verða hlaupa- eða hjólajól í ár?

Allar jólagjafirnar á einum stað

Ekki þvælast um bæinn þveran í leit að jólagjöfum. Verslaðu heima í héraði á hagstæðu verði.

bókakaffi stúdenta

KAUPFÉLAG stúdenta

Í **Bóksölu stúdenta** á Háskólatorgi finnur þú meira en þig grunar. Njóttu þess að vera í notalegu umhverfi, fáðu þér kaffi og köku í **Bókakaffi stúdenta**, kíktu á nýjustu bækurnar og skoðaðu allar skemmtilegu gjafavörurnar í **Kaupfélagi stúdenta**.

bóksala stúdenta

Alvöru bókabúð og miklu meira

Háskólatorgi - www.boksala.is - www.facebook.com/boksala

Nýjar hugmyndir um KR-svæðið

Hagsmunir Vesturbæjarins hafðir að leiðarljósi

- segir Pétur Marteinsson

Málefni KR hafa lengi verið til umfjöllunar en ljóst er að félagið er fyrir löngu orðið aðþrengt með núverandi aðstöðu. Það hefur ekki verið augljóst hvernig leysa mætti úr þessum aðstöðuvanda íþróttafélagsins og ýmsar leiðir verið skoðaðar. Mannvirkjanefnd KR fékk til liðs við sig Pétur Marteinsson fyrrum knattspyrnumann ásamt Guðmundi Kristjáni Jónssyni skipulagsfræðingi til að vinna að hugmyndum um uppbyggingu KR svæðisins á vegum fyrirtækis þeirra Borgarbrags. Um er að ræða athyglisverðar hugmyndir sem eiga hugsanlega eftir að verða grunnurinn að frekari uppbyggingu aðstöðu á KR svæðinu á næstu árum. Vesturbæjarblaðið ræddi við Pétur um stöðu verkefnisins.

Pétur segir að þegar ræða eigi um uppbyggingaráform KR verði að horfa til baka til áranna fyrir hrunið 2008. Þá hafi verið uppi ýmsar hugmyndir, m.a. ákveðnar tillögur á árunum 2006 og 2007 um uppbyggingu í kringum KR. Umtalsverð vinna hafi þá farið fram við að skoða hvað hægt væri að gera á svæðinu. Þetta verkefni hafi undið upp á sig og orðið meira „Vesturbæjarverkefni“ frekar en sérstaklega bundið við KR því ljóst hafi verið hvernig uppbygging KR gæti einnig tekið mið af þörfum Vesturbæjarins. Pétur segir að KR sé fyrst og síðast hverfisfélag sem sé mjög annt um að koma til móts við íbúana eins og það geti.

Vesturbæingar töldu skorta þjónustu við börn og unglinga

„Í þeirri vinnu sem fram fór á þessum árum var settur saman stýrihópur til þess, meðal annars, að hlusta eftir hvernig íbúar litu á hverfið – hvað væri gott í Vesturbænum og hvað ætti ekki að gera og hverju þyrfti að breyta. Þegar búið var að vinna úr þeim gögnum á sínum tíma var farið út í allsherjar skoðanakönnun um mannlífið í Vesturbænum. Meðal annars var spurt um líðan barna í hverfinu, hvað væri vel gert og svo framvegis. Í þessari könnun kom í ljós að Vesturbæingar töldu skorta betri þjónustu við börn og unglinga. Sérstaklega var bent á vetrarstarfið í því sambandi og að aðstaða væri ófullnægjandi. Einnig kom fram í þeirri könnun að fólk vill gjarnan sjá öflugra tómstundastarf, listnám og fjölbreyttara úrval fyrir börn. Skoðað var hvar fólk stundaði íþróttir og það koma greinilega í ljós að því lengra sem fólk bjó frá KR svæðinu því minni var þátttakan. Þá virtist Hringbrautin virka sem gjá á milli hverfishlutanna því börn úr Vesturbæjarskóla komu mun síður til þess að stunda íþróttir hjá KR en úr byggðunum sunnan götunnar.“

Vandaður undirbúningur

Pétur segir alveg ljóst að íþróttastarf sé ein besta forvörn sem börn og ungmenni geta notið og hreyfing og félagsskapur skipti miklu máli í uppvexti barna. „Á sínum tíma var farið að skoða hvert umfang verkefnisins gæti verið út frá hagkvæmni og nýtingarmöguleikum og Ask arkitektar og Bjarni Snæbjörnsson arkitekt fengnir til að skoða hvernig best væri að nýta KR svæðið. En síðan kemur hrunið 2008 og allar hugmyndir um fjárfrekar framkvæmdir fara á salt. Á árunum eftir hrun var ljóst að erfitt yrði að ráðast í fjárfrekar framkvæmdir og því hægðist á vinnunni þar til aðstæður bötnuðu. Á þessum tíma fengu hugmyndir um uppbyggingu að þróast og þroskast. Fyrir um tveimur árum var það síðan mat aðalstjórnar KR að tímabært væri að setja þessa vinnu af stað aftur með skipulegum hætti á nýjan leik. Þá hafði verkefnið fengið að þroskast og dafna en það nýtir engu að síður að hluta til þeirrar vinnu sem unnin var á sínum tíma.“

Skýrsla og næstu skref

Í kjölfarið á ákvörðun aðalstjórnar KR skipaði hún sérstaka mannvirkjanefnd sem vann þarfagreiningu með verkfræðistofunni Mannviti. Mannvirkjanefndin samanstendur af fulltrúum deilda KR ásamt formanni, varaformanni og framkvæmdastjóra KR. „Þeir réðu síðan Borgarbrag – fyrirtækið sem ég tilheyri til að vinna forhagkvæmnisathugun. Í henni skoðuðum við stöðuna eins og hún er í dag út frá aðsöðu og viðhorfi fólks til KR. Við byrjuðum á að skoða þarfagreiningu sem KR hafði unnið með deildum félagsins, bárum saman Vesturbæinn við önnur hverfi og KR saman við önnur sambærileg félög. Við áttum samtöl við marga hagsmunaaðila í hverfinu og í lokin þróuðum við þessa hugmyndafræði í samstarfi við ASK arkitekta og Bjarna Snæbjörnssson arkitekt og pökkuðum henni inn í skýrslu sem við erum búnir að kynna fyrir trúnaðarmönnum og sjálfboðaliðum innan KR auk formanna allra deilda félagsins.

Pétur Marteinsson. Myndin tekin á Kaffi Vesturbæ þar sem spjallið við Pétur fór fram.

Þá hafa verið haldnir opnir íbúafundir, m.a. með Reykjavíkurborg, þar sem hugmyndirnar hafa verið kynntar og kallað eftir samræðu. “Aðstaða til íþrótta- og tómstundaiðkunnar er ofarlega á baugi en hugmyndirnar nú snúa einnig að mannlífi í hverfinu með skemmtilegri götumyndum og þjónustu við íbúa að leiðarljósi. Vesturbærinn er gott hverfi og þessar hugmyndir miða að því að gera það enn betra“.

Vesturbærinn hannaður sem fjölskylduhverfi

Pétur bendir á að Vesturbæinn hafa strax í upphafi verið hannaður sem fjölskylduhverfi þar sem auðvelt væri að ganga á milli heimila og þjónustustaða. „Svæðið frá háskólanum og vestur að KR átti að mynda nokkra þjónustukjarna með verslanir, vinnustofur og annars konar þjónusta við hverfið. Háskólinn, Hótel Saga, skólarnir, sundlaugin, Kaffihús Vesturbæjar, Úlfarsfell og Melabúðin mynda enn þennan kjarna. Hugmyndir KR nú eru að bæta enn við þessa þjónustu þannig að hverfið geti orðið sjálfbærara. Borgarumhverfi þar sem fólk getur gengið á milli staða – heimila, skóla og þjónustu - er miklu skemmtilegra en þegar þarf langar leiðir til þess að sækja þjónustuna. En til þess að verslun og önnur þjónusta festi nægilegar rætur þarf einnig tilskilinn fjölda íbúa til þess að nota hana.“

KR svæðið kjarni íþrótta, tómstunda og þjónustu

„Hugmyndin sem við vinnum eftir er að gera KR svæðið að kjarna þar sem ákveðna hverfisþjónustu verði að finna,“ heldur Pétur áfram. Þá er ég ekki síst að tala um þjónustu fyrir börn og ungmenni en einnig fyrir almennar fjölskyldur í Vesturbænum. Ef ég byrja á því sem felst í fyrsta fasanum þá er hugmyndin að íþróttir, listnám og frístundastarf verði allt á einum stað. Að krakkar úr skólunum í kring sem einkum eru Grandaskóli, Vesturbæjarskóli, Melaskóli og Hagaskóli hafi þannig möguleika á að koma á KR svæðið eftir skóla og hin hefðbundna „vinnudag“ sinn og að foreldrar þurfi ekki að vera að skutlast með börnin hingað og þangað. Inn á KR svæðinu á öll þjónusta sem börnin vilja sækja í að vera til staðar. Þarna yrði tónlistarkennsla, leiklist og myndlist. Mögulega yrði hægt að koma skátastarfi fyrir og einnig að bjóða upp á almenna hreyfingu fyrir fólk á öllum aldri. Þetta eru hugmyndir um nýja starfsemi en á sama tíma leggjum við til að bæta það sem fyrir er á staðnum. Það má samt ekki gleyma því að KR býður í dag, umfram íþróttir, upp á mikla þjónustu við börn og unglinga. Félagsmiðstöðin Frostheimar, tónlistarskólinn

SKATAN ER KOMIN!
• HARÐFISKUR
• SALTFISKUR
• STÓRIR HUMARHALAR
• SKELFLÉTTUR HUMAR
FISKBÚÐIN VEGAMÓT
NESVEGUR 100 • SÍMAR 562-1070, 896-4243
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10 - 18:30

Hér er tillaga sem er til umræðu um framtíðar skipulag á lóð KR. Hér er ekki um að ræða neina hönnun eða endanlegt skipulag. Þessi teikning var gerð til þess að skoða hvað kemst fyrir á svæðinu með tilliti til nýtingu. Ekkert er enn ákveðið með byggingar eða útlit en áhersla verður lögð á lifandi götumynd, nýtingu og hagkvæmni. Næsta skref er að vinna með skipulagsyfirvöldum hjá Reykjavíkurborg að nýju skipulagi.

DoReMi og frístundaheimilið Frosti eru öll á svæðinu í dag ásamt því að leikskólum í hverfinu er boðið að "leika" sér á daginn í sölum KR án greiðslu.

Hugmynd er um að bæta við yfirbyggðu knatthúsi sem yrði staðsett inn á miðri lóðinni. Húsið yrði byggt í vari og þyrfti ekki að verða frekt á umhverfið eða umhverfislýti að neinu leyti og auðveldlega mætti byggja það í tveimur áföngum á lengri tíma, yfir hálfan völl í hvorum áfanga."

Þjónustusvæði og KR svæðið tengist og myndi heild

Pétur segir að auk þessara hugmynda megi nýta rými í útjaðri KR svæðisins sem ekki nýtist undir íþróttastarf. Þá er gert ráð fyrir blandaðri byggð í anda aðalskipulags Reykjavíkur þar sem blanda mætti saman leiguíbúðum og þjónustu á borð við hverfisverslanir. Hægt er að hugsa sér að þarna yrði heilsugæsla eða rými fyrir starfsstöðvar lækna eða hvað annað sem vantar í hverfið." Pétur segir að í því sambandi verði að skoða hvaða þjónustu Vesturbæingar kalla eftir og vilja fá til sín í borgarhlutann. Áhugavert væri að ræða þetta við íbúana sjálfa þannig að við sem búum í hverfinu gætum haft áhrif á það sem boðið verður uppá í hverfinu. „Hugmyndin er þó fyrst og fremst sú að hverfið verði sjálfbært, betra og skemmtilegra. Að hægt verði að nálgast þjónustu innan þess og að íbúar þurfi ekki að ferðast akandi í önnur hverfi eða borgarhluta eftir því sem kalla mætti daglegar lífsnauðsynjar hvort sem um neysluvörur er að ræða eða þjónustu á borð við heilsugæslu, íþróttir og uppeldisstörf eða annað sem heyrir undir þessa skilgreiningu."

Vöntun á fjölbreyttari íbúðaúrræðum

Pétur segir borgin leggi um þessar mundir áherslu á að nú sé vöntun á fjölbreyttari íbúðaúrræðum – einkum minni íbúðum og skoða mætti hvort hægt væri að koma til móts við þær þarfir í leiðinni. „Íbúðaverð í Vesturbænum hefur rokið upp að undanförnu og ljóst að umbætur á KR svæðinu bæði hvað íþróttastarf og þjónustu varðar mun auka vinsældir þess og einnig kalla eftir ódýrari húsæðiskostum og fleiri leiguíbúðum. Við þurfum að athuga fleiri úrræði í húsnæðismálum því ef fram heldur sem horfir er hætta á að Vesturbærinn þróist meira í þá átt að verða einsleitt hverfi eldri íbúa þar sem yngra fólk á erfitt með að koma undir sig fótunum. "

Hagsmunir Vesturbæjarins og KR fara fullkomlega saman

Pétur segir að með þessum hugmyndum og úrvinnslu þeirra vilji KR koma til móts við framtíð Vesturbæjarins í samvinnu við Reykjavíkurborg og íbúana eins og kostur er. Að opna faðminn út í hverfið eins og hann kemst að orði. „Þetta er stóra myndin sem við erum að vinna eftir. Þegar er búið að máta ýmsar byggingar og nýtingu inn á svæðið þótt ekki sé farið að hanna nein mannvirki. KR er gamalt félag og hugsar langt fram í tímann. Ekki bara til þessa árs eða hins næsta heldur marga áratugi fram í tímann. Við viljum í þessu efni, eins og Kínverjar, hugsa í áratugum og jafnvel öldum. Við erum að reyna ný vinnubrögð – athuga nýja nálgun við það sem okkur finnst stórt viðfangsefni. Hvernig áframhaldandi uppbygging Vesturbæjarins og KR geta farið saman inn í framtíðina. Hagsmunir Vesturbæjarins og KR eiga að geta farið fullkomlega saman."

Í broddi fylkingar í yfir 100 ár

Pétur segir næstu skref í þessu máli að Reykjavíkurborg og KR hafi ákveðið að setja á fót starfshóp sem undirbúa eigi hvaða breytingar þurfi að gera á deiliskipulagi og síðan þarf að opna Exelinn og hefja vinnu við kostnaðargreiningu. „Það þarf að reikna út hver framkvæmdakostnaður verður, hvaða tekjum breytingar sem þessar geta skilað og greina hver rekstrargrundvöllurinn verður. Eftir er að vinna hagkvæmnikönnunina en hún ætti að geta legið fyrir eftir nokkra mánuði. Vonandi þegar fer að vora á ný."

KR er stórt fjölgreinafélag

„KR er fjölgreinafélag og stórt á íslenskan mælikvarða en innan félagsins starfa nú 11 deildir. Gömlu íþróttavellirnir sem Vesturbærinn gat státað af á fyrri tíð eru horfnir. Þeir hafa farið undir byggingar. Háskólavöllurinn fór undir bílastæði. Framnesvöllurinn undir Vesturbæjarskólann og gamli Melavöllurinn fór undir Þjóðarbókhlöðuna. Á meðan önnur félög búa við bætta aðstöðu hefur KR staðið í stað. Það er ekki gott fyrir félag sem hefur verið í broddi fylkingar í yfir 100 ár. Vesturbærinn má heldur ekki við því."

LÍKLEGA BESTI HOLLI SKYNDIBITINN Á ÍSLANDI

100% NÆRING 100% HOLLUSTA

TAKE AWAY

XO

FUN · FAST · FUSION

FINNIÐ OKKUR Á FACEBOOK UNDIR XO VEITINGASTAÐUR

JL HÚSINU - HRINGBRAUT 119 - XOFOOD.IS

BORGARBÓKASAFNIÐ
MENNINGARHÚS

Borgarbókasafnið sendir gestum sínum innilegar jóla- og nýárskveðjur og þakkar fyrir samskiptin á árinu.

Opnunartími um jól og áramót:

Grófin:

24. desember Lokað
25. desember Lokað
26. desember Lokað
31. desember Opið 10 – 14
1. janúar Lokað

Að öðru leyti er opið samkvæmt afgreiðslutíma

BORGARBÓKASAFNIÐ
MENNINGARHÚS GRÓFINNI
Tryggvagötu 15
Sími 411 6100
borgarbokasafn.is
Opið: Mán-fim 10-19
Fös 11-18
Lau -sun 13-17

Metár framundan í byggingum

- áfram byggt á vestur- og miðsvæðinu

Tölvumynd af nýbyggingum og eldri uppgerðum húsum á horni Tryggvagötu og Norðurstígs. Gamla Fiskhöllin með turninum er fremst á myndinni. Þarna eru felldar saman nýbyggingar og eldri hús til að skapa heildstæða götumynd.

Í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar til næstu fimm ára er gert ráð fyrir að tekjur af sölu muni nema 3,7 til 4,4 milljörðum árlega. Einnig er gert ráð fyrir um 800 milljónum verði veitt í svokallaða stofnstyrki vegna verkefna leigufélaga sem ætla að byggja fyrir námsmenn, tekjulægri einstaklinga og fjölskyldur og félagslegar íbúðir. Samkvæmt því má áætla að árlega megi reisa íbúðir að verðmæti 6,5 milljarðar króna tengt því verkefni.

Í upplýsingum sem komu fram á kynningarfundi borgarstjóra á dögunum um uppbyggingu í Reykjavík að um 20% Reykvíkinga búa í dag í leiguhúsnæði og um 26% svarenda í könnun telji að leiguhúsnæði verði næstu kostur þeirra. Í dag eru um 10 þúsund leigusamningar í Reykjavík en þyrftu að vera um 13 þúsund miðað við þessar tölur sem þýðir að nú vantar um þrjú þúsund íbúðir á leigumarkaðinn. Gert er ráð fyrir að um fimm þúsund íbúðir verði byggðar í Reykjavík fram til ársins 2020 sem þýðir að um 1.300 íbúðir þurfa að vera leiguíbúðir. Ef gert er þá fyrir að nú þegar vanti um þrjú þúsund íbúðir á leigumarkaðinn þarf þeim að fjölga um 4.300 á næstu fjórum árum fram til ársins 2020.

Áfram byggt á vestur og miðsvæðinu

Á Vestur- og miðsvæðinu er gert ráð fyrir 275 nýjum íbúðum á Héðinsreitnum og 170 íbúðum á Steindórsreit við Hringbraut sem stundum er kenndur við BYKO. Gert er ráð fyrir 78 íbúðum við Keilugranda og 220 við Sæmundargötu sem er á háskólasvæðinu. Þessar byggingar eru til viðbótar við þau byggingarleyfi sem þegar er búið að gefa út. Fyrir utan þetta eru um átta þúsund íbúðir komnar í þróun þótt eiginlegt skipulagsferli sé ekki hafið. Nokkur hluti þeirra íbúða er fyrirhugaður á Vestur- og miðsvæði borgarinnar. Þar af eru um 800 íbúðir í Skerjafirði austan núverandi byggðar þar og 350 íbúðir á svæðinu í kringum Háskóla Íslands. Bygging um 200 íbúða er til skoðunar á Stjórnarráðsreitnum og 50 íbúðir á Landhelgisgæslureitnum í Vesturbænum.

Metár framundan

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri sagði metár vera framundan í byggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík þegar hann kynnti fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir skömmu. Hann sagði borgina hafa lagt áherslu að tryggja meiri möguleika á leigu- og búseturéttaríbúða sem yrði hluti þessar uppbyggingar og þar skipti skipulag nýrra byggingarsvæða miklu máli.

KEA HANGIKJÖT

Bragðið sem býr til jólin … ár eftir ár.

Það er ýmislegt sem breytist með tímanum en KEA hangikjötið hefur verið ómissandi á jólaborðum Íslendinga í fjöldamörg ár. Það er taðreykt og verkað samkvæmt aldagömlum hefðum sem tryggja framúrskarandi bragð og gæði.

NORÐLENSKA

Borgarstjóri fundaði með Vesturbæingum

- framtíð KR og uppbygging í Skerjafirði voru m.a. til umræðu

Um 70 manns sóttu íbúafund sem haldin var í boði borgarstjóra í Hagaskóla 17. nóvember sl. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri fór í kynningu sinni vítt yfir lífið í hverfinu, starfsemi borgarinnar og áherslur, skipulagsmál og uppbyggingu í hverfinu.

Baldur Stefánsson formaður mannvirkjanefndar KR fór í stuttu máli yfir stöðu KR og Pétur Marteinsson hjá Borgarbrag varpaði upp myndum af því hvernig svæðið gæti mögulega litið út en samþykkt hefur verið að stofna starfshóp um framtíðarskipulag fyrir KR svæðið í samvinnu við félagið. Baldur ræddi um þá uppbyggingu sem KR hefur verið að skoða hjá sér og Pétur fór yfir framtíð KR - svæðisins. Hann talaði um mikilvægi þess að þetta verkefni yrði ekki unnið á mettíma heldur fengi það að þróast í sátt og samlyndi við borgina sem og íbúa í Vesturbæ. Pétur varpaði upp myndum af því hvernig þetta gæti mögulega litið út, en tók skýrt fram að þetta væru bara hugmyndir en ekki ákvarðanir.

Vaxandi pressa á ungmenni

Sigríður Hannesdóttir fulltrúi íbúa rifjaði upp gamla tíma, bæði í leik eða starfi. Í máli hennar kom fram að í „gamla daga“ var nú prakkarast líkt og krakkar gera í dag, kannski bara ekki á sama hátt. Hún fór yfir það hvað allt væri að verða flott og fallegt og allar þær breytingar sem hafa átt sér stað í Vesturbænum sl. ár og áratugi. Fulltrúar ungmennaráðs Vesturbæjar þær Erla Sverrisdóttir, Ásta Rún Ingvadóttir, Karolína Einarsdóttir og Arndís María Ólafsdóttir komu og fóru yfir hlutverk ungmennaráðs. Þær sögðu frá hvað gert hefur verið sl. mánuði en það má t.d. nefna að ungmennaráðið hefur boðið öðrum ungmennaráðum í borginni í heimsókn. Einnig fóru þær yfir niðurstöður frá Rannsóknum og greiningu. Þær bentu á að hjá ungmennum væri vaxandi kvíði og þunglynd. Sem mögulegar ástæður nefndu þær þá pressu sem þeim finnst vera á ungmennum almennt í dag miðað við undanfarin ár, eða það er a.m.k. þeirra upplifun. Þær vilja meina að samfélagsmiðlar hafi mikil áhrif hvað það varðar. Einnig fóru þær yfir hvað tómstundir eru orðnar „atvinnu miðaðar“ þ.e. að ungmenni geti ekki verið t.d. í íþróttum sem leik. Það sama á við um tónlist, þeim finnst að það eigi að forgangsraða á þann hátt að börn geti verið í henni til að hafa gaman.

Skerjafjörður og Hofsvallagata hugleikin

Nokkrir tóku til máls þegar opnað var fyrir almennar umræður og fyrirspurnir. Ívar Pálsson formaður Prýðifélagsins Skjaldar gerði skipulag á nýju svæði í Skerjafirði að umtalsefni og vildi vita hvenær ætti að kynna það nánar fyrir íbúum í næsta nágrenni. Dagur B. Eggertsson svaraði því til að verkefnið væri rétt að hefjast. Eftir væri að skipa verkefnisstjóra og í framhaldi af því ætti að ræða við íbúa. Kristján Sverrisson vildi vita hvort ekki væri fullreynt með þessa „vistvænu“ aðgerðir á Hofsvallagötu. Dagur B. Eggertsson sagði að margt hefði betur mátt fara en ekki mætti gleyma því að meginmarkmiðið hefði verið að hægja á umferð um Hofsvallagötuna og það hefði tekist. Friðrik Ármann Guðmundsson nefndi að hægt væri að hafa tengingu annars staðar en í gegnum Hofsvallagötuna. Helga Jónsdóttir gerði íbúalýðræðisverkefnið Hverfið mitt að umtalsefni og sagði að sér fyndist það ekki vera að virka. Dagur B. Eggertsson sagði að vel mætti hugsa sér ýmsar útfærslur en verkefnið væri umfram allt íbúalýðræði þar sem íbúar hafa endanlegt val um hvaða verkefni fara í framkvæmd. Verkefnið er í raun enn í mótun og nefndi Dagur að gaman væri að bjóða krökkum upp á að taka þátt í kosningum. Katrín Guðmundsdóttir vildi fá skýrara svar um hvert yrði næsta skref í Skerjafjarðarmálinu. Dagur B. Eggertsson sagði að fyrst þyrfti að skipa verkefnisstjóra, kortleggja svæðið og í framhaldi ætti að eiga samtal við íbúa í Skerjafirði.

Vesturbæingar hlíða á umræður á fundi borgarstjóra.

Lager og sýnishornasala

Austurströnd 4 (hliðina á bæjarskrifstofunum)

Fimmtud. 15. des kl. 17.00 – 21.00.
Föstud. 16. des kl. 14.00 – 18.00.
Laugard. 17. og Sunnud. 18. des kl. 11.00 – 16.00.

Allar vörur á 50-70% afslætti

Dæmi um frábær verð

Brooks hlaupajakkar frá ***kr. 5000*** (17.990) ***70% afsl.***
Brooks hlaupaskór frá ***kr. 10.000*** (22.990-27.990) ***50-70 % afsl.***
Jaco stuttbuxur ***kr. 2500*** (12.490) ***80% afsl.***
Virus og 2XU restar á ***50% afsl.*** (Compression fatnaður)
Restar af Nike og Adidas fótboltaskóm ***kr. 4000*** ***(14.990) 70 % afsl.***
Barna íþróttaskór ***kr. 1500*** ***(5990) 75% afsláttur***
Ýmislegt fleira á frábæru verði

Þetta er eitthvað sem þú mátt bara alls ekki missa af!!

Stýrið í styrkum höndum í Ættfæðiþjónustinni

Oddur Helgason ættarskrárritari sem rekur ættfræðiþjónusu í Skerjafirðinum fékk Guðna Th. Jóhannesson forseta Íslands í hemsókn á dögunum.

Það þykir varla í frásögu færandi því báðir eru þeir miklir áhugamenn um menn og málefni ættfræðigrúskarinn og sagnfræðingurinn. Þeir fengu sér kaffi sem Oddur lagaði af alkunnri snilli og stillu sér síðan upp við forláta stýri sem er til húsa í ættfræðiþjónustunni hjá Oddi og Oddur kallar jafnan stýri þjóðarksútunnar. Greinilega öruggt að hafa það í styrkum höndum á tímum þegar óvissa ríkir um stjórnvöld í landinu. Ekki fylgir sögunni hvort forsetinn fékk sér í nefið hjá æfiskrárritaranum en Oddur er einn þekktasti neftóbaksmaður landsins.

Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands og Oddur Helgason.

BORG FASTEIGNASALA
SÍÐUMÚLA 23 · 108 REYKJAVÍK · FASTBORG.IS · SÍMI: 519 5500

Stúlknasveitin í þriðja sætinu

Landakotsskóli sendi fjórar skáksveitir á Jólaskákmót Grunnskóla Reykjavíkur sem fór fram dagana 27. og 28. nóvember.

Stóðu nemendur sig með prýði og landaði stúlknasveit skólans riðja sæti á mótinu. Flottur árangur sem Landakotsskóli má vera stoltur af.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is

Kristín Ingólfsdóttir
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Við sendum heim!
SÍMINN ER
5·14·14·14
TAKE AWAY
VEITINGASTAÐUR
SBARRO NYC.1956
HRINGBRAUT 119 (JL HÚSIÐ), 101 REYKJAVÍK
NÁÐU Í APPIÐ Á WWW.SBARRO.IS
SBARRO NYC.1956
DESEMBERTILBOÐ
út allan mánuðinn
ÞÚ PANTAR 17” PIZZU
af matseðli og færð
EINA 12” OSTAPIZZU
FRÍTT

Bóksala stúdenta

Glæsileg bóka- og gjafavöruverslun á Háskólatorginu

Bóksala stúdenta á Háskólatorginu er eina bókabúðin í Vesturbæ Reykjavíkur. Í raun og veru er tæpast hægt að tala um bókabúð þrátt fyrir eitt fjölbreyttasta úrval bóka sem finn má á einum stað hér á landi heldur hefur verslunin breyst í tímans ráð úr því að vera sérhæfð bókaverslun fyrir háskólakennara og háskólanema í alhliða bóka- ritfanga- og gjafa-vöruverslun. Gjafavörurnar eru nýnæmið í verslununinni og verulega áhugaverð nýjung fyrir viðskiptavini. Alger misskilningur er að þessi glæsilega verslun sé einvörðungu fyrir háskólafólk. Þangað eru allir boðnir velkomnir sama við hvað þeir starfa eða hvar þeir búa. Í verslunni er einnig notalegt kaffihús frá Te og Kaffi - bókakaffi en færst hefur í vöxt á undanförnum árum að koma kaffihúsum fyrir í bókaverslunum enda eiga bækur og kaffi afar vel saman.

Kristín Jóna Þorsteinsdóttir ef til vill betur þekkt sem Stína Bongó er vefstjóri og einskonar upplýsingafulltrúi Bóksölu stúdenta. Vesturbæjarblaðið settist niður með henni á Te og Kaffi á dögunum þaðan sem gott útsýni er yfir vöruúrval verslunarinnar. "Það sem mig langar alveg sérstaklega að leggja áherslu er tvennt," segir Kristín. Annars vegar er það fjölbreytileiki verslunarinnar og vöruúrvalið en hins vegar að þessi verslun er fyrir allan almenning. Það hefur ríkt svolítill misskilningur hjá sumu fólki að þessu leyti og á það sér stoð í sögunni þegar öll áhersla var lögð á þjónustu við háskólafólk. Þegar verslunin var flutt úr húsnæði Félagsstofnunar stúdenta yfir á Háskólatorgið var ákveðið að víkka hlutverk hennar og starfsvettvang og færa það til hins almenna notenda. Að hún yrði hluti af því almenningstorgi sem Háskólatorgið er. Torg fólks sem kemur inn af götunni í leit að bókum en ekki síður margskonar gjafavörum að veitingum ógleymdum."

Kristín Jóna Þorsteinsdóttir vefstjóri Bóksölu stúdenta í versluninni á Háskólatorginu.

Sinnum bæði háskólunum og almenningi

Þegar litast er um í Bóksölu stúdenta er ljóst að Kristín vefstjóri hefur lög að mæla. Úrvalið er ótrúlegt. Allt frá smáhlutum til einstakra tækifærisgjafa auk úrvals bóka. Hún gengur með tíðindamanni um verslunina. "Hér er það sem við getum kallað háskólahlutann. Bækur sem fjalla um hin margvíslegu efni sem heyra háskólastarfnu til. Fræðibækur um allt á milli himins og jarðar en við sinnum þjónustu við alla háskólana á landinu en ekki eingöngu Háskóla Íslands. Við erum í stöðugum samskiptum við hina háskólana hvar sem þeir eru staðsettir; í Öskjuhlíðinni, í Borgarfirðinum, í Skagafirði eða á Akureyri. Við erum einnig með pöntunarþjónustu og sinnum erindum skólanna en einnig hinna almennu viðskiptavina. Ef þig vantar bók um sérhæft efni sem ekki er ástæða til þess að eiga á lager þá pöntum við hana."

Harry Potter og úrval nýrra bóka

Næsti viðkomustaður á rölti með Kristínu um Bóksölu stúdenta er almenna deildin og fyrsta bókin sem hún dregur fram úr hillu er Harry Potter. "Heldurðu að svona bókmenntir hafi verið taldar henta í háskólabóksölu fyrir ára-tugum. Ég held ekki og nú erum við með sérstakt tilboð á Harry." Jólabækurnar bera fyrir augu hver af annarri. Auðséð hvaða dagar eru fram undan. Kristín segir mikið úrval nýrra bóka. Bókaútgáfa sé alls ekki að dragast saman hér á landi og nýir höfundar að koma fram. "Nei - ég yrði hlutdræg ef ég nefndi einhverjar sérstakar. Verð bara að hafa það fyrir mig. En mig langar að bæta því við að verðið hjá okkur er almennt mjög hagstætt."

Eina bókabúðin í Vesturbænum

Kristín segir að Bóksala stúdenta sé eina bókabúðin í Vesturbænum og henti því afskaplega vel fólki sem býr í Vesturbænum og á Seltjarnarnesi. „Það eru bókabúðir niður í Grófinni og Austurstræti en það er svona meira Miðbærinn. Mig langar líka til þess að benda tenginguna við Háskólatorgið sem er almenningsrými og öllum opið og Hámu sem er ódýr og praktískur veitingastaður á torginu. Fólk getur alveg komið sem salatið sitt eða annað sem það hefur keypt í Hámu og fengið sér kaffi eða annan drykk með því hér hjá okkur. Við lítum á þennan stað sem eina samfellu þar sem flestir eiga að geta fundið sér eitthvað við hæfi," segir Kristín að lokum.

Sægreifinn
Heimsins besta humarsúpa

ÞORLÁKSMESSUSKATA

Frá 17. des. bjóðum við upp á upp á skötu alla daga frá hádegi til kvölds fram að jólum, kr. 2.350.- fyrir manninn.

Pantið tímanlega fyrir Þorláksmessuna því
færri komast að en vilja. Pöntunarsími 553 1500.

Munið heimasíðuna
www.saegreifinn.is

Sægreifinn
Verbúð 8 við Geirsgötu, 101 Reykjavík, Sími 553 1500

70 íbúðir, hótel og verslanir á BYKO reitnum



Myndin sýnir umfang hinnar nýju byggðar. Hæstu húsin verða næst Hringbrautinni. Teikning/Plúsarkitektar

Samkvæmt deiliskipulagstillögu sem Reykjavíkurborg hefur auglýst er breytingum á deiliskipulagi Byko-reits við vesturenda Hringbrautar gegnt JL-húsinu verða byggðar 70 íbúðir á 3.250 fermetrum í tveggja til fjögurra hæða byggingum. Á 4.300 fermetrar er ætlunin að byggja hótel upp á hæðir og verslun og þjónusta verða á um 450 fermetrar. Þá er gert ráð fyrir svölum og bakgörðum 3.450 fermetrar. Heildarbyggingamagn á reitnum verður 15.700 fermetrar.

Í skipulagstillögunni er tilgreint að nýbyggingarnar eiga að vera í samræmi við byggð á Framnesvegi og er tekið fram að mænishæð skuli ekki vera hærri en mænir á Framnesvegi 36 en það hús stendur á horni Holtsgötu og Framnesvegs. Gert er ráð fyrir að tvö hús verði byggð á lóðunum skulu þau hvort um sig hafa sjálfstætt útlit. Engin krafa er gerð um varðveislu eldri húsa á þessu svæði og verða gömlu Steindórshúsin þar sem Bifreiðastöð Steindórs hafði aðsetur á sínum tíma en síðar hýsti verslunarrekstur BYKO og nú síðast Víðis rifin.

Matarbúrið
sérverslun
með nautakjöt
Grandagarði 29

Grasfóðrað nautakjöt,
Velferðarkjúklingur,
Lambakjöt úr sjálfbærri sauðfjárrækt,
hreindýrakjöt, grísakjöt,
kanína ofl. í boði.

Opið þriðjudaga til föstudaga frá kl. 11-18.
Laugardaga frá kl. 12-17.

Matarbúrið
SÉRVERSLUN MEÐ NAUTAKJÖT
VERSLUN ÚR SVEIT

Sköpunargleðin

Unnið hefur verið af miklu kappi og kátínu í smíðastofunni í Vesturbæjarskóla í vetur. Sköpunargleðin hefur verið í fyrirrúmi og handbragðið haft að leiðarljósi.

HAMBORGARA Búllan
Geirsgata 1 • Sími 511 1888
Gómsæti í göngufæri

Þorsteinn Bragi og Hilmar í 9. bekk Hagaskóla

Söfnuðu 47 þúsund krónum fyrir UNICEF

Þorsteinn Bragi og Hilmar báðir nemendur í níunda bekk Hagaskóla afhentu UNICEF á Íslandi 47.215 krónur sem þeir söfnuðu meðal nemenda og starfsfólks Hagaskóla í kærleiksvikunni um daginn. Athöfnin var haldin á sal skólans þar sem nemendur söfnuðust saman.

Strákarnir fóru af stað með söfnunina sem er fyrir börn i Nígeríu sem lifa við örbirgð og neyð en nú stendur UNICEF fyrir sérstakri söfnun fyrir börn í Nígeríu. Hægt er að styrkja þá söfnun með ýmsum hætti, sjá nánar á vef UNICEF: https://unicef.is/neyd. Þorsteinn Bragi og Hilmar höfðu frumkvæði að söfnuninni og framkvæmd hennar hér í skólanum. Einnig sáu þeir um að boða fulltrúa UNICEF og fjölmiðla í skólann til þess að vera við afhendinguna. Þeir eiga mikið hrós skilið fyrir framtakið og fulltrúar UNICEF tóku fram hversu unglingar eins og þeir væru fallega hugsandi fólk, því erum við í Hagaskóla sammála. Fréttamenn frá RÚV tóku viðtöl við drengina og fulltrúa UNICEF ásamt því að mynda athöfnina. Við þökkum þeim fyrir að mæta og sýna jákvæðu framtaki í skólastarfi áhuga.

Þorsteinn Bragi og Hilmar spjalla við fréttamann RÚV að afhendingunni lokinni.

Vesturbæjarblaðið AUGLÝSINGASÍMI 511 1188

Systrasamlagið
FARSÆL JÓL!

FLOTHETTA & SVEITA-SAMFLOT
Í einum pakka Flothettan og gjafakort í Sveita-Samflot að eigin vali 2017.
Fullt verð 22.900.
JÓLAVERÐ: 21.000 kr.

Ómótstæðilegur JÓGAFATNAÐUR!
Fallegt úrval.
Lífræn sterk bómull.

MANDUKA þykja bestar!
Taj Mahal jógadýnanna.
Nokkrar gerðir a PRO og eKO og fylgihlutir.

MÖNTRU ARMBÖND – fallega hliðin á lífinu!
Einföld og elegant.
Sillfur, gull, rósagull.
Án ofnæmisvalda.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Ný heimasíða: www.systrasamlagid.is
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:
Mjúkir mánudagar: 10 - 18.
Þri. - fös.: 9 - 18.
Laugardagar: 10 - 16.
Sun. 18. des: 13 - 17.
Þorláksmessa: 9 - 19.
Aðfangadagur og þriðji í jólum: LOKAÐ.

Leikskólabörn og starfsfólk á útivistarsvæði Mýrar.

Rekstri Mýrar verður hætt

Ákveðið hefur verið að hætta rekstri leikskólans Mýri í Litla Skerjafirði um mitt næsta ár. Áður hafði rekstur leikskólans tímabundið verið sameinaður undir eina yfirstjórn með leikskólanum Hagaborg og tók sú sameining gildi nú í haust. Ástæður sameiningar eru einkum fækkun barna í Vesturbæ og breytingar á yfirstjórn Mýrar. Þá þóttu faglegar og rekstrarlegar forsendur ekki nægilega sterkar fyrir áframhaldandi rekstri leikskólans. Talið var að húsnæði skólans nýttist ekki nægilega vel, börnin væru og fá og starfshópur skólans fámennur.

Gert er ráð fyrir að leysa mál þeirra barna sem dvalið hafa á Mýri á þann hátt að foreldrar þeirra fái forgang fyrir börn sín inn í aðra leikskóla Reykjavíkurborgar en alls er um 20 börn að ræða. Einnig fá starfsmenn Mýrar aðstoð við að finna sambærileg störf. Samráðshópur skipaður fulltrúum stjórnenda á Mýri, foreldrum og fulltrúum skrifstofu skóla- og frístundasviðs mun skipuleggja flutning barna, lokun skólans og skil á húsnæði.

Vesturbæjarblaðið www.borgarblod.is



Sendum viðskiptavinum okkar óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár, með kærri þökk fyrir viðskiptin á árinu.

Afgreiðslutími um jólin:

24. desember, Aðfangadagur	10.00 - 17.00
25. desember, Jóladagur	12.00 - 17.00
26. desember, Annar í jólum	10.00 - 23.30
31. desember, Gamlársdagur	10.00 - 17.00
1. janúar, nýársdagur	12.00 - 17.00

PÉTURSBÚÐ
Ránargötu 15

Ógnar pólitísk rétthugsun jólum?

Eftir sr. Sigurð Árna Þórðarson

Eftir messu var úrklippu úr bresku blaði stungið í mínar hendur. Efnið var um aðlögun innflytjenda í bresku samfélagi og pólitískan rétttrúnað í Englandi sem umbylti hefðum til að særa ekki fólk. Er það hlutverk sveitarstjórna, skólastjóra, kennara, stjórnmálamanna og fyrirtækja að breyta ferlum og mannfundum til að móðga ekki einhverja, sem væru hugsanlega ekki hrifnir hinni kristnu hefð á Bretlandseyjum? Á að grisja menninguna og breyta starfsháttum og í hverra þágu?

Brýr þurfa undirstöður

Nefnd á vegum enskra stjórnvalda fór yfir hverju hinn pólitíski rétttrúnaður hefði skilað. Niðurstaðan var birt nýlega í The Sunday Telegraph og fleiri miðlum. Á Bretlandseyjum hefur ekki lánast að byggja menningarbrýr sem hafa þjónað vel virku fjölbreytnisamfélagi. Að skera kristin gildi, heiti, venjur og hefðir út úr opinberu menningarlífi, t.d. jólahaldi, hefur ekki orðið til að skapa opið, jákvætt samstöðu-samfélag sem hinir pólitískt rétttrúðu væntu. Af ótta við að særa brugðust yfirvöld og vel meint kurteisin var jafnvel kjánaleg í ýmsum tilvikum. Lög voru m.a. ekki virt. Í sumum innflytjenda-gettóum var ekki tekið á ofbeldi, s.s. misnotkun barna og kynferðisglæpum gegn konum. Spennan vex í bresku samfélagi og Brexit er m.a. niðurstaðan af vaxandi pirringi.

Jól fái að vera jól

Sr. Sigurður Árni Þórðarson prestur í Hallgrímskirkju.

Boðskapur skýrsluhöfunda á vegum Cameron og May er að nú sé komið að menningarlegum viðsnúningi. Jólatrén á ekki lengur að kalla "hátíðartré" heldur Christmas tree. Jóladagarnir eiga ekki lengur aðeins að vera frídagar. Skólayfirvöld, sveitarstjórnir, ráð samfélags og viðskiptalífs eiga að virða að samfélög hafa gildi, hefðir og venjur sem þarf að viðhalda og rækta. Verja þarf fólk gegn hvers konar ofbeldi. Til að samfélag sé opið og vel virkt þarf að gæta að undirstöðum.

Niðurstaða hinnar ensku skýrslu var að mestu mistökin hafi verið að halda ekki í grunngildi, grunnlög og grunnhefðir til að þau sem fluttu inn gætu aðlagast bresku samfélagi. Trú og hefðir skipta máli en einfeldningsleg pólitík er engum til gagns.

Við Íslendingar megum gjarnan læra af mistökum granna okkar. Miklu skiptir að halda vörð um gildi og hefðir sem þjóna fólki, gefa samhengi, tjá menningu, styrkja samfélag og auðga andlegt líf fólks. Kristnir menn eiga alltaf að styðja það sem eflir andlegt heilbrigði. Trú, gildi og gefandi hefðir lífga og efla. Ræktum hið góða á aðventu og Guð gefi ykkur öllum gleðileg jól.



FYRIRTAK
málningarþjónusta
TRAUST OG ÁBYRG ÞJÓNUSTA
www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997
LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI
LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM

KR Flugeldar

FLUGELDASALA Í KR HEIMILINU

Opið 28,29 og 30.des
til kl.22.00
Á gamlársdag er
opið til kl.16.00

Cygnus-hálsmen
gyllt oxiderað silfur
59.500 kr.

Tuttu-armband
silfur
34.400 kr.

Nanook-hringur
svartur demantur
18.200 kr.

ÞEGAR LÍÐA FER AÐ JÓLUM

Kanína
2.000-6.000 kr.

Farmers Market peysa
33.500 kr.

Bambus úr
15.200 kr.

aurum LÍFSTÍLL aurum BY GUÐBJÖRG

Bankastræti 4 | 101 Reykjavík
www.aurum.is
facebook.com/aurumlifestyle

Hátíðarmessur og tónleikar í Dómkirkjunni

Dómkirkjan óskar sóknarbörnum sínum og landsmönnum öllum gleðiríkra jóla og Guðs blessunar á nýju ári, með þakklæti fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.

Sunnudagurinn 18. desember
Messa kl. 11:00
Karl Sigurbjörnsson, biskup.
Það er boðið til fjölskyldumessu undir yfirskriftinni „Þökkum fyrir ljósið og lífið."
Stundin er sérstaklega helguð ljósmæðrunum og þjónustu þeirra í þágu lífsins.
Sunnudagaskóli á kirkjuloftinu.
Karlakór KFUM syngur undir stjórn Laufeyjar Geirlaugsdóttur, sem einnig syngur einsöng.

Norsk jólamessa kl. 14:00
séra Hjálmar Jónsson prédikar

Æðruleysismessa kl. 20:00

Aðfangadagur 24. desember
Dönsk messa kl. 15:00, séra María Ágústsdóttir

Aftansöngur kl. 18:00, séra Hjálmar Jónsson, predikar og séra Sveinn Valgeirsson þjónar.

Miðnæturguðsþjónusta kl. 23:30
sr. Karl Sigurbjörnsson biskup og Hamrahlíðarkórinn syngur stjórnandi Þorgerður Ingólfsdóttir.
Kári Þormar er organisti.

Jóladagur 25. desember
Messa kl. 11:00
Biskup Íslands Agnes M. Sigurðardóttir prédikar, dómkirkjuprestar þjóna.

Annar í jólum 26. desember
Messa kl. 11:00
sr. Karl Sigurbjörnsson,biskup.
Dómkórinn og organisti Kári Þormar.

Gamlársdagur 31. desember
Aftansöngur kl. 18:00
sr. Sveinn Valgeirsson prédikar og séra Hjálmar Jónsson þjónar.

Nýársdagur 1. janúar 2017
Hátíðarmessa kl. 11:00,
Biskup Íslands Agnes M. Sigurðardóttir, sr. Hjálmar Jónsson og sr. Sveinn Valgeirsson þjóna. Dómkórinn syngur við messurnar og organisti er Kári Þormar.

Föstudagurinn 16. desember kl. 20
Jólatónleikar Tónlistarskólans í Reykjavík

Miðvikudagurinn 21. desember kl. 22
Jólatónleikar Dómkórsins

Fimmtudagurinn 22. desember kl.21
Mozart við kertaljós í Dómkirkjunni

Föstudagurin 23. desember kl. 20:30 - Þorláksmessukvöld Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað, sópran, Guja Sandholt, mezzo-sópran og Matthildur Anna Gísladóttir, píanó

Sjá nánar á domkirkjan.is

Hjartanlega velkomin í Dómkirkjuna.



UPPLÝSINGAR UM AFGREIÐSLUTÍMA UM JÓL OG ÁRAMÓT ER AÐ FINNA Á ÍTR.IS

Sími: 411 5000 • www.itr.is

As We Grow hlýtur Hönnunarverðlaun Íslands 2016

Hönnunarfyrirtækið As We Grow As We Grow hlýtur Hönnunarverðlaun Íslands 2016. Fyrirtækið er í eigu Grétu Hlöðversdóttur lögfræðings og MBA sem jafnframt er framkvæmdastjóri og Guðrúnar Rögnu Sigurjónsdóttur hönnuðar. Markmiðið er að bjóða upp á vandaðan, notalegan og tímalausan fatnað sem hefur lengri líftíma en gengur og gerist. Hægt og rólega hefur fyrirtækinu vaxið fiskur um hrygg og í dag er fatnaðurinn seldur í um sextíu verslunum í tíu löndum sem og í netverslun fyrirtæksins www.aswegrow.is Hátt í 100 tilnefningar bárust vegna Hönnunarverðlauna Íslands árið 2016. Verkefnið sem þótti skara framúr að mati dómnefndar var As We Grow. Við erum himinlifandi og þakklátar fyrir þessa viðurkenningu.

Það kunna fleiri að prjóna á Íslandi en í flestum öðrum löndum og fyrir vikið blundar í okkur væntumþykja og virðing fyrir prjónuðum flíkum. Hugmyndin að vörumerkinu kviknaði út frá peysu sem reykvísk móðir prjónaði og hafði ferðast á milli barna í níu ár. Peysan er enn í notkun.

Umsögn dómnefndar er eftirfarandi: „As We Grow byggir á ábyrgum umhverfissjónarmiðum og afstöðu gagnvart líftíma og endingu framleiðsluvöru á tímum ofgnóttar. Tímalaus einfaldleiki hönnunar og einstök gæði vöru hafa ásamt samfélagslegri ábyrgð og metnaðarfullri stefnu í umhverfismálum skapað fyrirtækinu sérstöðu heima og heiman."

Í fatnaðinum er tvinnað saman norrænni hefð og nútíma þörfum. Sérstaða hönnunarinnar felst í sniðunum sem eru óvenju sveigjanleg og hentug fyrir börn sem vaxa hratt úr grasi. Hugmyndafræðin gengur út á þennan langa líftíma fyrir hvert barn og að fötin gangi á milli barna en þar spila tímalaus hönnun og endingargóð hráefni lykilhlutverk.

Kaupum færri, fallegri og betri hluti

Það sem átt er við þegar talað er um betri hluti er sú krafa að hlutirnir séu endingargóðir, vistvænir og að framleiðslan sé samfélagslega ábyrg. As We Grow leggur sérstaka áherslu á að vinna undir þessum formerkjum. Við notum aðeins náttúruleg, endurvinnanlega og vistvæn efni. Birgjar okkar hafa eftirfarandi vottanir: BSCI (Business Social Compliance Initiative), Intertek WCA (Workplace Conditions Assesmennt) Achievement Award og International Alpaca Association leyfi. Auk þess höfum við heimsótt og kynnt okkur aðstæður fólks sem vinnur fyrir okkur í Perú þar sem allar aðstæður eru til fyrirmyndar.

Á Íslandi fást vörur As We Grow meðal annars í Mýrinni Kringlunni, MAIA Laugavegi, Epal Laugavegi og Hörpunni, PETIT Suðurlandsbraut, Aurum Bankastræti og Kraum.

Hönnunarverðlaun Íslands eru þýðingarmikil fyrir íslenskt hönnunarsamfélag. Þótt vægi hönnunar í menningu okkar, samfélagi og viðskiptalífi sé að aukast er mikilvægt að vekja athygli og dýpka skilning á gildi góðrar hönnunar.

Hönnunarverðlaun Íslands 2016 eru peningaverðlaun að upphæð 1.000.000 krónur, veitt af Ragnheiði Elínu Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Ef óskað er eftir frekari upplýsingum þá vinsamlega hafið samband: greta@aswegrow.is

www.aswegrow.is

www.instagram.com/aswegrow/

www.facebook.com/aswegrowiceland

Tölvumynd af hugsanlegu umhverfi Pylsuvagnsins og gömlu spennustöðvarinnar þegar framkvæmdum við svæðið lýkur.

Pylsuvagninn verður aðeins færður

Pylsuvagninn verður færður til samkvæmt nýju deiliskipulagi sem auglýst hefur verið fyrir svokallaðan Hafnarstrætisreit. Reiturinn hefur tekið miklum breytingum því þar er að rísa nýtt hótel á milli Tryggvagötu og Hafnarstrætis.

Núverandi húsnæði Pylsuvagnsins verður notað áfram enda byggingin í góðu ásigkomulagi. Eigendur Pylsuvagnsins hafa áhuga á að stækka hann aðeins enda er um að ræða eina vinsælustu verslun borgarinnar sem hlaut heimsfræg þegar Bill Clinton fyrrum Bandaríkjaforseti fékk sér pylsu þar og Gunnar V. Andrésson ljósmyndari náði mynd af atburðinum. Örtröð hefur oft myndast við Pylsuvagninn einkum á góðviðrisdögum vegna mikils áhuga erlendra ferðamanna og hefur færanlegum pylsuvagni því verið komið fyrir við hlið hans til þess að flýta afgreiðslu á hinum vinsæla skyndibita.

grillid
grillid.is

GLEÐILEGA HÁTÍÐ & TAKK FYRIR ÁRIÐ SEM ER AÐ LÍÐA

Við lokum Grillinu 23.–26. desember en höfum opið dagana 27.–30. desember.
Grillið verður lokað yfir áramótin. Við tökum vel á móti ykkur á nýju ári og opnum aftur 3. janúar 2017.

FRÍKIRKJAN
Í REYKJAVÍK

FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK
HELGIHALD UM JÓL OG ÁRAMÓT

15. des. fim. kl. 20:00
Aðventukvöld, fjölbreytt og glæsilegt tónlistarkvöld.
Þórarinn Eldjárn rithöfundur les úr nýrri bók sinni og spjallar við gesti
Fram koma **Stefanía Svavarsdóttir**, söngkona, Sönghópurinn við Tjörnina, Fríkirkjubandið ásamt Gunnari Gunnarssyni sem jafnframt er organisti kirkjunnar og stjórnandi sönghóps, Barnakór Fríkirkjunnar undir stjórn Álfheiðar Björgvinsdóttur og Sr. Hjörtur Magni.

18. des. sun. kl. 14:00
Heilunarguðsþjónusta á vegum Sálarrannsóknarfélags Íslands, Fríkirkjunnar og Kærleikssetursins.

24. des. lau. kl. 18:00
Aftansöngur á aðfangadagskvöldi.
Söngkonan **Heiðdís Hanna Sigurðardóttir** syngur einsöng.
Sönghópurinn við Tjörnina syngur jólin inn og leiðir safnaðarsöng undir stjórn Gunnars Gunnarssonar.
Sr. Hjörtur Magni leiðir stundina.

24. des. lau. kl. 23:30
Miðnætursamvera á jólanótt.
Ellen Kristjánsdóttir
og dætur ásamt strengjasveit.
Sr. Hjörtur Magni talar til viðstaddra.
Sönghópur Fríkirkjunnar ásamt Gunnari Gunnarssyni.
Mætið vel tímanlega til að fá góð sæti!

25. des. sun. kl. 14:00
Hátíðarguðsþjónusta á jóladag.
Ljósanna hátíð fagnað með rísandi sól.
Egill Ólafsson söngvari syngur og spjallar um tónlistarval sitt.
Sr. Hjörtur Magni,
Sönghópurinn við Tjörnina ásamt Gunnari Gunnarssyni.

31. des. lau. kl. 17:00
Aftansöngur á gamlársdag.
Hljómsveitin Eva ásamt Sönghópnum við Tjörnina leiða safnaðarsöng ásamt Gunnari Gunnarssyni, organista.
Sr. Hjörtur Magni leiðir stundina.

Hálffinnskur Jólavættur í Ráðhúsinu

- krakkar af Drafnarsteini boðið að skoða hann

Hálffinnskur jólavættur Kattarvali kom í heimsókn í jólaskóginn í fylgd með hálfsystur sinni Leiðindaskjóðu sem opnaður var 1. desember í Ráðhúsi Reykjavíkur. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri tók á móti þeim og bauð leikskólabörn af Drafnarsteini í heimsókn til að hitta þessa sérstöku jólagesti.

Kattarvali er einn af gömlu jólasveinunum – hálfbróðir þeirra og sonur Grýlu frá fyrra hjónabandi með tröllkarlinum Bola. Lítið fór fyrir Kattarvala frameftir öldum því hann dvaldist langdvölum í Finnmörku ásamt nokkrum bræðrum sínum. Þeir fóru um með ránshendi og óknyttum en það var bara vegna þess að þeir voru alltaf svangir og söknuðu mömmu sinnar. Á ferðum sínum tók hann ástfóstri við finnskættaða skógarketti. Í dag er hann nýkominn heim og er miklu rólegri en áður. Enda fær hann nú mesta útrás í að stíga nokkur dansspor. Hann er mikill dýravinur, er „vegan“ og elskar ketti af öllum stærðum og gerðum. Hann nýtir hvert tækifæri til að grípa þá upp á rófunni, sveifla þeim jafnvel svolítið — og auðvitað knúsa litlu skinnin í kaf. Og nú er þessi jólavættur sem löngum hefur dvalið á meðal Finna mættur hingað til lands.

Elstu börnin á Drafnarsteini komu og sungu fyrir jólavætti og aðra gesti í Ráðhúsinu.

Jólavættirnar birtast nú ein af annarri á húsveggjum víðsvegar um borgina þar sem þeim verður hampað. Samfara því fer af stað skemmtilegur fjölskylduleikur sem byggist á að finna vættirnar og svara léttum og skemmtilegum spurningum um þær. Hægt er að nálgast ratleikinn í Ráðhúsi Reykjavíkur, í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu og á Kjarvalsstöðum en á þessum stöðum er einnig hægt að sjá allar jólavættirnar á einum stað. Þá er hægt að nálgast leikinn á vefnum Jolaborgin.is. Vegleg verðlaun eru í boði fyrir þann sem sigrar í leiknum en hægt er að skila svörum til Höfuðborgarstofu í Ráðhúsi Reykjavíkur fyrir 19. desember.

Gunnar Karlsson myndlistarmaður hefur teiknað jólavættina og byggir á hugmynd Hafsteins Júlíussonar um að tengja íslenska sagnahefð við Jólaborgina Reykjavík. Jólavættir voru fyrst kynntar árið 2011 og gegna lykilhlutverki í að kynna sérstöðu Reykjavíkur sem jólaborgar fyrir innlendum og erlendum gestum. Meginmarkmiðið er að skapa áhrifaríka og skemmtilega jólaupplifun í borginni á einfaldan hátt í góðu samstarfi við fjölda samstarfsaðila víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu.

JÓL OG ÁRAMÓT Í HALLGRÍMSKIRKJU
ALLIR VELKOMNIR

24. desember. Aðfangadagur jóla
Aftansöngur kl. 18.00.
Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir.
Mótettukórinn syngur.
Stjórnandi Hörður Áskelsson.
Barna- og unglingakór Hallgrímskirkju.
Stjórnandi Ása Valgerður Sigurðardóttir.
Organisti Björn Steinar Sólbergsson.

Miðnæturguðsþjónusta á jólanótt kl. 23.30
Dr. Sigurður Árni Þórðarson.
Schola cantorum syngur.
Stjórnandi Hörður Áskelsson.
Organisti Björn Steinar Sólbergsson.

25. desember. Jóladagur
Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.00.
Dr. Sigurður Árni Þórðarson.
Mótettukórinn syngur.
Organisti Björn Steinar Sólbergsson.

26. desember. Annar í jólum.
Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.00.
Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir.
Mótettukórinn syngur.
Organisti Hörður Áskelsson.

Ensk messa kl. 16.00.
Sr. Bjarni Þór Bjarnason.
Mótettukór Hallgrímskirkju.
Organisti Hörður Áskelsson.

29. og 30. desember
J.S. Bach: Jólaóratórían I-III.
Schola cantorum,
Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju.
Stjórnandi Hörður Áskelsson.

31. desember. Gamlársdagur
Hátíðarhljómar við áramót kl. 16.30.

Aftansöngur kl. 18.00.
Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir prédikar og þjónar fyrir altari ásamt dr. Sigurði Árna Þórðarsyni.
Mótettukórinn syngur. Stjórnandi Hörður Áskelsson.
Organisti Björn Steinar Sólbergsson.

1. janúar. Nýársdagur
Hátíðarmessa kl. 14.00.
Dr. Sigurður Árni Þórðarson.
Mótettukórinn syngur.
Organisti og stjórnandi Hörður Áskelsson.

Helgihald á virkum dögum í Hallgrímskirkju
Mánudagar: Bænastund kl. 12.15
í umsjón Sigrúnar Ásgeirsdóttur.
Þriðjudagar: Fyrirbænamessur kl. 10.30
í kórkjallara kirkjunnar.
Miðvikudagar: Árdegismessur kl. 8.00.
Eftir messu er boðið upp á morgunkaffi.
Fimmtudagar: Kyrrðarstund kl. 12.00.
Orgelleikur, hugvekja og bæn.
Boðið er upp á súpu og brauð á eftir gegn vægu gjaldi í safnaðarheimili kirkjunnar.

Prestar safnaðarins sjá um helgihald á Droplaugarstöðum og Vitatorgi.

HALLGRÍMSKIRKJA
www.hallgrimskirkja.is

Vestfjarðabækurnar

Gunnar B. Eydal lagði ekki fyrir sig tónlist eins og bræður hans. Gagnorð og fróðleg. Norðlenski húmorinn ekki langt undan!



Söguhetjurnar segja hispurslaust frá. Afar gott innlegg í umræðu dagsins.

Ekki er allt sem sýnist þegar komið er vestur á firði! Barnabók fyrir alla aldurshópa.

Lifandi og hressileg reynslusaga Vestfirðings sem fór út í heim með nesti og nýja skó.



Allt fram til 1880 var aðeins eitt varanlegt íbúðarhús á Flateyri.



Hvernig eiga erlendir gestir að haga sér á Íslandi? Bráðnauðsynleg fyrir ferðamennina!

Bækurnar að vestan eru hvorki stórkostlegar, æðislegar, einstakar, meistaraverk, ógleymanlegar né töfrandi. En við teljum af vestfirskri hógværð að þær leyni á sér!

Við höfum nú gefið út á fjórða hundrað bækur um Vestfirði og Vestfirðinga. Sumir fræðimenn telja að þetta sé einhver umsvifamesta bókaútgáfa hjá einu forlagi utan höfuðborgarsvæðisins frá upphafi byggðar á landinul! Hvað heldur þú?

Vestfjarðabækurnar fást í bókaverslunum um land allt

Vestfirska forlagið

Upp með Vestfirði!
Pantanir: 456-8181- jons@snerpa.is
www.vestfirska.is

Á liðnu sumri hittust afkomendur Sveinbjarnar Einarssonar kennara og Huldu Hjörleifsdóttur við Kennarablokkina við Hjarðarhagann eins og hún var kölluð og minntust fyrri daga. Í tilefni dagsins tók Hulda Hjörleifsdóttir sem nú er nýlega látin á tíræðisaldri saman erindi þar sem hún lýsti þeim tíma þegar fólk flutti þangað inn upp úr miðri síðustu öld. Ingveldur dóttir hennar flutti erindið sem hér birtist í upprunalegri mynd. Hulda Hlín Magnúsdóttir myndlistarmaður og barnabarn Huldu Hjörleifsdóttur tók myndirnar. En gefnum Huldu Hjörleifsdóttur orðið.

Minningabrot frá fyrstu árum Kennara-blokkarinnar, Hjarðarhaga 24 - 32

Við Sveinbjörn Einarsson eiginmaður minn fluttum inn í nýju íbúðina okkar þann 3. október 1956 ásamt fjórum börnum okkar. Foreldrar mínir fluttu með okkur þannig að við vorum átta í heimili. Faðir minn passaði upp á að við flyttum inn á aðfalli því samkvæmt gamalli trú unir fólk sér þá betur á nýjum stað. Þetta hefur sannarlega virkað vel.

Þegar við fluttum inn var húsið ópússað, ómálað og stillansar (vinnupallar) utan á allri blokkinni. Víða vantaði gólfefni og hurðir. Allt var svo dimmt þegar ég kom að húsinu í byrjun að mér fannst eins og ég væri að ganga í björg en það vandist furðu fljótt enda var ég eins og aðrir frumbyggjar í blokkinni í sjöunda himni yfir að vera komin í eigin íbúð. Lóðin var eitt moldarflag og engin gata malbikuð. Þegar rigndi voru allar götur og lóðin eitt svað en þegar þurrt var rauk moldin og mikið verk að halda hreinu innan dyra. Lóðin var fyrst og fremst fyrir krakkana, eitt stórt leiksvæði sem krakkar úr næsta nágrenni sóttu líka og voru velkomin. Í mörg ár var olíukynding sem var óskaplega notalegt að hafa. Jóhann Guðmundsson, sem kallaður var Jói kyndari, sá um þau mál með miklum sóma. Fyrsta árið voru engin stigahandrið og stærðar hola full af vatni á lóðinni sem var uggvænlegt því á mínum stigagangi voru 24 börn og unglingar. Sem betur fer hlaut enginn skaða af. Litlu krökkunum fannst gaman að leika sér á neðstu stillönsunum og settar voru rólur neðst í þá fyrir þau. Stundum fóru börn og fullorðnir milli íbúða á stillönsunum og gengu þá út og inn um svaladyr. Fyrir koma að einn og einn köttur komst inn um glugga.

Gestir hlíða á erindi Huldu við Kennarablokkina.

Í nábýli við braggana

Braggi var fastur við enda blokkarinnar á nr. 32 en hann var einn af þónokkrum bröggum sem tilheyrðu Trípolíkampi sem náði upp að Suðurgötu og endandi í Trípolíbíó. Það var fjölbreytni í mannlífinu þar sem saman komu braggahverfið, Grimsby (á Grímstaðarholti) og kennarablokkin. Heiðurshjónin Jósafína og Halldór, sem alltaf var kallaður Dóri fisksali, bjuggu í húsi á lóðinni. Jósafína lagði alltaf mikið upp úr því að hafa allt fínt og pússað á heimilinu og Halldór, ásamt mági sínum Eyjólfi sundkappa, stofnaði Þrótt til að fá strákana í hverfinu í fótbolta. Á vorin stóðu ungar konur í biðröð til að láta Jósafínu spá fyrir sér.

Hulda Hjörleifsdóttir með dóttur sinni Ingveldi Sveinbjörnsdóttur sem flutti erindi móður sinnar á Hjarðarhaganum.

Gott samfélag

Snemma myndaðist afar gott samfélag í blokkinni. Foreldrarnir sem ekki þekktust fyrir kynntust í gegnum börnin sem voru ótrúlega sniðug að koma sér saman. T.d. mynduðu þau alls konar klúbba svo sem Litla ferðaklúbbinn, saumaklúbb og leikfélag sem setti upp margar sýningar. Þessir klúbbar voru ekki kynjaskiptir, bæði strákar og stelpur voru með hvort heldur var um að ræða ferðaklúbb eða saumaklúbb. Litli ferðaklúbburinn fór ótaldar ferðir með nesti, mjólk í flösku og vínarbrauð í Hljómskálagarðinn og niður að Tjörn með sigti til að veiða síli sem sett voru í glerkrukkur. Tónlist var í hávegum höfð og ég man vel eftir Kalla Þorsteins að spila á harmonikku. Á hverju kvöldi á vorin og fram á sumar var verið í hópleikjum fyrir framan blokkina. Vinsælir leikir voru: fallin spýtan, brennibolti, kíló, parís, snúsnú, hark, hlaupið í skarðið, köttur og mús, húlahopp að ógleymdum feluleik sem var spennandi í dimmum kjallaranum þar sem nóg var af skúmaskotum til að fela sig í. Yngstu krakkarnir notuðu moldarhól fyrir framan nr. 24 sem rennibraut. Þegar gengið var frá lóðinni var lögð mikil áhersla á að þar yrði stórt og áhugavert leiksvæði fyrir börnin. Fullorðna fólkið fór stundum í kvöldkaffi hvert til annars og karlarnir tefldu mikið saman. Á nr. 26 voru oft sameiginleg jólaboð innan stigagangsins og alla vega einu sinni um jól var spiluð félagsvist á mörgum borðum. Mikið hefur breyst síðan þetta var og gott að eiga þessar góðu og skemmtilegu minningar um samheldni og vinskap fyrstu áranna. Vinskapurinn hélst áfram þó tímarnir breyttust. Á engan er hallað þó ég minnist sérstaklega Þórhildar Karlsdóttur og Þorsteins Sigurðssonar sem voru vinir okkar Sveinbjörns og nágrannar á sama stigapalli í yfir 50 ár. Annars hef ég verið ótrúlega heppin með nágranna alla tíð. Þegar einhver hefur selt hefur alltaf komið gott, reglusamt og hjálpsamt fólk í staðinn. Og til merkis um það hversu börnunum sem ólust upp í blokkinni þótti og þykir enn vænt hverju um annað er mér sagt að þau hafi myndað hóp á facebook sem heitir "kennarablokkin" og setja þar inn gamlar myndir og minningar.

Hulda Hjörleifsdóttir

Ingveldur Esperanza og Birta Marsilía dætur Össurar Skarphéðinssonar og Hulda Hjörleifsdóttir, sem var amma þeirra í móðurætt.

Hulda Hjörleifsdóttir, Árný Erla Sveinbjörnsdóttir jarðfræðingur, Jón Sigurðsson, Össur Skarphéðinsson fyrrum alþingismaður og ráðherra, Ágústa Sveinbjörnsdóttir arkitekt, Ingveldur Sveinbjörnsdóttir kennari en þetta eru dætur og tengdasynir Huldu.

VORNÁMSKEIÐ 2017
Fjölbreytt námskeið fyrir börn og fullorðna
MYNDLISTASKÓLINN
SKRÁNING HAFIN
Nánar á www.mir.is og í síma 551 1990
Í REYKJAVÍK

Helgihald í Neskirkju um jól og áramót

24. des. aðfangadagur
Jólastund barnanna kl. 16:00.
Barnakórar Neskirkju syngja. Stjórnandi Jóhanna Halldórsdóttir.
Guðspjallið sett á svið. Organisti Steingrímur Þórhallsson.
Umsjón með stundinni hafa starfsmenn barnastarfsins.
Prestur Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir.

Aftansöngur kl. 18:00.
Hátíðarsöngvar sungnir. Kór Neskirkju syngur. Einsöngur Hallveig Rúnarsdóttir.
Trompet Steinar Kristinsson. Organisti Steingrímur Þórhallsson.
Prestar Skúli S. Ólafsson og Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir.

Nóttin var sú ágæt ein: Söngvar á jólanóttu kl. 23:30.
Háskólakórinn syngur jólasálma. Vonartextar Biblíunnar lesnir.
Organisti Gunnsteinn Ólafsson. Prestur Skúli S. Ólafsson.

25. des. jóladagur
Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:00.
Hátíðarsöngvar sungnir. Kór Neskirkju og Drengjakór Reykjavíkur syngja.
Stjórnandi og organisti Steingrímur Þórhallsson.
Prestar Skúli S. Ólafsson og Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir.

26. des. annar í jólum
Jólaskemmtun barnastarfsins kl. 11:00.
Jólasaga og söngvar. Gengið í kringum jólatré og góðir gestir koma í heimsókn.
Prestur Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir.

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.00.
Hljómur, kór eldri borgara í Neskirkju, syngur. Organisti Steingrímur Þórhallsson.
Prestur Skúli S. Ólafsson.
Eftir guðsþjónustu verður hátíðarkaffi á Torginu.

31. des. gamlárskvöld
Aftansöngur kl. 18:00.
Hátíðarsöngvar sungnir. Kór Neskirkju syngur. Organisti Steingrímur Þórhallsson.
Prestur Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir.

1. jan. nýársdagur
Hátíðarmessa kl. 14:00.
Hátíðarsöngvar sungnir. Kór Neskirkju syngur. Organisti, Steingrímur Þórhallsson.
Prestur Skúli S. Ólafsson.

Vesturbæjarblaðið

Óskum Vesturbæingum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári!

Stækkunarglerslampar



Vandaðir stækkunar-glerslampar í föndur og fína vinnu.
Góð birta.

Glóey – gerir lífið bjartara

Ármúla 19 · Sími 568 1620 · www.gloey.is · gloey@gloey.is

Ostajól

Hillur svigna undan gómgleðjandi ostum og girnilegum kræsingum.

BÚRIÐ
Ostaskólinn

Gefðu upplifun. Gjafabréf í ostaskóla Búrsins er tilvalinn í skóin.

Gómgleðjandi Gjafaöskjur - sérsniðnar eða staðlaðar að hætti hússins

BÚRIÐ

Grandagarður 35 · 101 Rvk · 551 8400 · www.burid.is

Systrasamlagið í miðborginni 17. des!

FORSÝNUM nýja FLOTHETTU eftir SIGGA ODDS.

MÖNTRU ARMBÖND
– sýna fallegu hliðina á lífinu.

Verðum einnig með: Jógadýnur & jógafatnað, naglalökk og ilmvötn og margt annað nærandi.

Jólamarkaður Systrasamlagsins
næsta laugardag er frá 13-17 á Óðinsgötu 1.

Nánari upplýsingar á www.systrasamlagid.is
og www.facebook.com/systrasamlagid.
Systrasamlagið á Seltjarnarnesi er
opið lau. 17. des frá 10-16, sun. 18. des frá 13-17.

Systrasamlagið

... svo ótrúlega þægileg eftir sturtuna eða baðið!

Frábær gjöf fyrir dömur á öllum aldri

Fáanleg í 12 litum
í fullorðins- og barnastærð.

Helstu útsölustaðir í Reykjavík
Allar sundlaugar, Apótekarinn Mjódd, Borgarapótek, Lyf og heilsa; JL húsi, Kringlu og Austurveri, Minja, Snyrtivörubúðin Glæsibæ, Mistý, Lyfjaver, Reykjavíkur Apótek, Árbæjarapótek, Urðarapótek, Balletbúðin Arena.
Netverslanir Aha.is, Heimkaup, Krabbameinsfélagið og Netsöfnun.

Sif höfuðhandklæði

elfursif@internet.is gsm 660 8860

Nánar um sölustaði á facebook

HÁTÍÐIN HEFST KL. 18.00 VIÐ MELASKÓLA - ÞAR VERÐA SUNGIN NOKKUR LÖG OG SÍÐAN GENGIÐ MEÐ BLYS AÐ BRENNUNNI Á ÆGISÍÐU
HRESSANDI VEITINGAR Á VÆGU VERÐI

FORELDRAFÉLÖG GRUNNSKÓLA VESTURBÆJAR OG ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ VESTURBÆJAR, MIÐBORGAR OG HLÍÐA

Styrktar- og samstarfsaðilar

Melabúðin · Tjörnin · Vís · Landsbankinn

Hólmfríður bætist í þjálfarateymið

Landsliðskonan Hólmfríður Magnúsdóttir skrifaði undir tveggja ára samning við KR. Í framhaldi var Fríða ráðinn sem einn af þjálfurum 5. fl. kv. ásamt Alexander Massot og Gabríel Hrannari.

Gleðin skein úr andlitum stelpnanna þegar Friða stýrði sinni fyrstu æfingu síðastliðin þriðjudag, hún kvaðst vera ánægð að vera komin heim og heiður að fá að leggja sitt að mörkum til að stelpurnar verða betri. Á síðastliðnum árum hefur kvennaboltinn í KR verið í mikilli sókn og er þetta liður í því að mynda sterka heild og sannarlega er framtíðin björt.

Fimmti flokkur kvenna í knattspyrnu.

Flottur sigur gegn Víkingi

KR vann frábæran sigur gegn liði Víkings á dögunum. Leikurinn var hin mesta skemmtun og mikil barátta á báða bóga.

Staðan í hálfleik var 16-15 fyrir Víking en KR-ingar komu gríðarlega sterkir til leiks í seinni hálfleik og náðu forystunni og létu hana aldrei af hendi og uppskáru sigur, 24-29. Þarna var um glæsilega spilamennska og gaf hún tvö stig á erfiðum útivelli. Mörkin skoruðu: Arnar Jón 10, Andri Berg 6, Bergur Elí 6, Jóhann 2, Pétur 2, Theodór 2, Sigurbjörn 1. Varin skot: Krummi 9, Arnar 2, 31% markvarsla. Næsti leikur sem var jafnframt síðasti leikur fyrir jól fór fram í gærkvöldi eftir að blaðið fór í prentun.

Frá leik KR fyrr í vetur.

KR áfram í Maltbikarnum

Bikararmeistarar KR tryggðu sér sæti í 8-liða úrslitum Maltbikarsins þegar þeir lögðu Fjölni af velli í DHL-höllinni. Sigur KR var í raun aldrei í hættu og leiddu þeir með 18 stigum í hálfleik, 58-40.

Fjölnisliðið barðist vel í fyrri hálfleik en eftir erfiðan þriðja leikhluta þar sem liðið skoraði ekki nema 15 stig á móti 33 stigum KR, virtist allur vindur úr þeim og leiknum lauk með 50 stiga sigri heimamanna, 115-65. Þórir Þorbjarnarson var stigahæstur KR-inga í leiknum með 28 stig, Brynjar Þór skoraði 21, þar af 18 í fyrsta leikhluta. Cedrick Bowen bætti við 18 stigum og 7 fráköstum en allir KR-ingar komust á blað í leiknum.

Þórir Þorbjarnarson var stigahæstur KR-inga í leiknum með 28 stig.

Ungar stúlkur þreyttu frumraun sína

Ungar stúlkur þreyttu frumraun sína þegar meistaraflokkur kvenna í KR lék gegn Þrótti Reykjavík.

Margar yngri stúlknanna fengu tækifæri í þessum leik og vannst leikurinn 2-0. Fyrra mark KR skoraði Guðfinna Kristín Björnsdóttir og það seinna gerði Telma Sif Búadóttir. Fjórir leikmenn léku sinn fyrsta meistaraflokks þeir voru: Guðrún Inga Marínósdóttir (16 ára), Sigríður Kristjánsdóttir (15 ára), Emelía Ingvadóttir (14 ára) og Dagbjört Ellen Júlíusdóttir (14 ára).

KR-SÍÐAN

SKAUTAHÖLLIN REYKJAVÍK
Sími: 588 9705
www.skautaholl.is
Opnunartímar:
Mánud., þriðjud. og Miðvikud. 12:00 til 15:00.
Fimmtudaga 12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30.
Föstudaga 13:00 til 19:00.
Laugardaga og Sunnudaga 13:00 til 18:00.
Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.

1X2
GETRAUNANÚMER
KR ER 107

Þú færð KR-vörurnar hjá okkur!
Óskum KR-ingum og öllum Vesturbæingum gleðilegra jóla.
Jói útherji
www.joiutherji.is
Ármúli 36 • Reykjavík 108
S: 588 1560

Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Rauða ljónið sídan 1989
HEITUR MATUR Í HÁDEGINU OG Á KVÖLDIN
TAKTU MEÐ eda BORÐAÐU Á STAÐNUM
Alvöru matur
Coca-Cola

www.kr.is

Lifandi jólatré

Sérvalinn normannsþinur, íslensk fura og blágreni.
Einnig mikið úrval af gervijólatrjám og skrauti.

Sölustaðir

TIMBUR-VERSLUN BREIDD
FIM-FÖS **8-20**
LAU **10-20**
SUN **11-20**

SELFOSS
FÖS **8-19**
LAU **10-19**
SUN **12-18**

Allt í jólapakkann

Hardir pakkar með notagildi!

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda til 18.desember.

HNÍFAPARASETT
24 stk. Windsor 18
6.745 kr.
Almennt verð: 8.995 kr.
41114127

NOKKRAR HUGMYNDIR

25% AFSLÁTTUR AF SPILUM OG LEIKFÖNGUM

25% AFSLÁTTUR AF POTTUM OG PÖNNUM

25% AFSLÁTTUR AF MATAR- OG KAFFISTELLUM
HEIL SETT

byko.is

Auðvelt að versla á byko.is

BYKO
SKREYTUM SAMAN